



Fundargerð 21. fundar stjórnar SSA haldinn 20.maí 2022

Fundurinn var haldinn á skrifstofum Austurbrúar á Egilsstöðum og hófst hann kl 13:00

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson sem tók þátt á Teams, Hildur Þórisdóttir, Gauti Jóhannesson, Pálína Margeirsdóttir og Sigríður Bragadóttir. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 1.1 Fundargerð frá 19, 20. fundi stjórnar SSA 2020-2022 – *Fundargerðirnar voru samþykktar og verða undirritaðar rafrænt.*
- 1.2 Fundargerð 56. aðalfundar – *Fundargerðin var lögð fram til kynningar*
- 1.3 Fundargerðir stjórnar SSH (538,539), SSV (Aðalfundur), SSNV (76,77), SSNE (37, Ársþing), SASS (580,581), SSS (778, Vorfundur) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar*
- 1.4 Fundargerð Sambandsins (909, Úrgangsmál) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.*
- 1.5 Stýrihópur stjórnarráðsins (80) – *Fundargerðin var lögð fram til kynningar*
- 1.6 Skipan í skólanefndir – *Málið var til umræðu hjá stjórn og verður tekið aftur upp á næsta fundi.*

2. Innra starf SSA

2.1 Haustþing SSA

Ákveðið að bjóða Fjarðabyggð að gera þriðju tilraun til að halda Haustþing og stefnt er á dagana 9. og 10. september. Umræður stjórnar um dagskrá Haustþings og er framkvæmdastjóra falið að undirbúa þingið í takt við umræðurnar. Þá er formanni og varaformanni falið að vinna sameiginlega drög að ályktun fyrir haustþingið með vísan í Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044.

Kjörnefnd SSA 2022. Formaður lagði til að eftirfarandi aðilar skipuðu kjörnefnd fyrir undirbúning að stjórnarkjöri á haustþingi SSA 2022; Einar Már, Gauti og Sigríður. Samþykkt samhljóða.

2.2 Svæðisskipulag Austurlands – næstu skref.

Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram með formanni svæðisskipulagsnefndar og leggja síðan fyrir stjórn að nýju.

3. Önnur mál

3.1 Bréf frá Jóni Gunnarssyni um sýslumannsembættið.



Bréfið var lagt fram til kynningar. Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við ráðuneytið og fá upplýsingar um hvenær áætlað er að ráðherra komi í heimsókn austur.

3.2 Tilnefningar í stjórn STARFA.

Staðfest að Tinna Halldórsdóttir verði aðalmaður og Jóna Árný Þórðardóttir verði varamaður í stjórn STARFA.

3.3 Erindi frá forstöðumanni Náttúrustofu Austurlands.

Erindið var lagt fram til kynningar.

3.4 Næsti fundur.

Stefnt er að næsta fundi sem verður fjarfundur föstudaginn 24. júní kl: 13:00.

Ekki fleiri mál á dagskrá. Fundi slitið kl 14:11